

VELKOMIN Í SKÓLANN

VIÐ ERUM
SÍMALAUS
SKÓLI



GRUNNSKÓLI
HÚNAPINGS VESTRA



Farsímar og snjalltæki eru ekki leyfileg á skólatíma nema með leyfi kennara í einstaka tímum. Nemendur leita til ritara ef þeir þurfa að hafa samband við forráðamenn á skólatíma. Eins biðlum við til forráðamanna að hafa samband við ritara ef viðkomandi þarf að ná tali af nemanda.

Skólabyrjun 2026

Skólasetning Grunnskóla Húnapings vestra verður mánudaginn 24. ágúst kl. 15:00 í matsal grunnskólans. Að lokinni skólasetningu fara nemendur með umsjónarkennurum sínum til stofu og taka á móti stundaskrá. Foreldrar eru hvattir til að fylgja nemendum í stofur til að fá upplýsingar hjá kennurum um skólastarfið. Skólastjórnendur verða til viðtals eftir skólasetningu fyrir þá sem það þurfa. Ekki verður skólaakstur á skólasetningardaginn.

Stundatöflur eru aðgengilegar á Námfús. Þeir sem vilja stundatöflur í tölvupósti geta sent beiðni um það til ritara.

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 25. ágúst. Valgreinar hefjast 2. september og mun valið fara fram rafrænt einhverjum dögum áður.

Tónlistarskóli mun hefjast samhliða starfi Grunnskóla. Á fyrstu dögum skólans munu nemendur fá úthlutað tíma og hitta sinn kennara.



Námsgögn

Skólinn sér um öll námsgögn fyrir nemendur í 1. – 10. bekk þeim að kostnaðarlausu (stílabækur, ritföng, vasareikna o.fl.) Foreldrar þurfa samt sem áður að sjá börnum sínum fyrir skólatösku, sund- og íþróttafatnaði ásamt ritföngum til afnota heima fyrir. Við viljum brýna að nemendum ber að umgangast námsgögn af virðingu og passa upp á það sem þeim er úthlutað. Allir nemendur hafa aðgang að tölvum í skólanum. Kjósi nemandi að koma með sína eigin tölvu er hún alfarid á ábyrgð eiganda.



Fjarvistir

Munum að tilkynna allar fjarvistir til ritara að morgni. Umsjónarkennarar geta veitt leyfi í 1-2 daga en allt umfram það þarf að sækja um á heimasíðu skólans.



Óskilamunir

Í skólanum safnast mikið af óskilamunum, þar á meðal vandaðar og óslitnar flíkur af yngri jafnt sem eldri nemendum. Ef fatnaður eða aðrar eigur nemenda skila sér ekki heim geta foreldrar komið og fengið að skoða óskilamuni.

Mikilvægt er að merkja allar flíkur nemenda, skófatnað jafnt sem annað. Viku eftir skólaslit er óskilamunum sem ekki hafa verið sóttir komið til Rauða krossins.



Skóladagatal

Skóladagatal má nálgast á heimasíðu skólans. Skólaárinu er skipt upp í 6 vikna spannr. Í lok hverrar spannar fá nemendur og foreldrar endurgjöf um stöðu nemenda. Valgreinalotur á unglingastigi eru 4 og breytingar verða á stundatöflum hjá þeim á milli lota. Hægt er að fylgjast með því á Námfús.



Frístund



Börn í 1.- 4. bekk skólans eiga kost á að dvelja í Frístund eftir skólatíma dag hvern til kl. 16:00. Frístund starfar einnig á viðtalsdögum og völdum starfsdögum frá kl. 8:00 – 16:00. Sumarfrí Frístundar/Krakkasveiflu er sambærilegt og sumarfrí leikskólans Ásgarðs ár hvert.

Skrá þarf börn í Frístund fyrir allan veturinn með skráningarblaði sem tilgreinir hvaða daga á að nota. Eyðublað fyrir skráningu má finna á heimasíðu skólans.

Börn geta ekki byrjað í Frístund fyrr en skráningarblaði hefur verið skilað. Vistun í Frístund miðast við mánaðamót, breytingar þurfa að berast fyrir 15. hvers mánaðar til þær taki gildi 1. mánaðar þar á eftir. Í skólabyrjun að hausti geta nemendur komið inn í Frístund með litlum fyrirvara. Frístund/Krakkasveiflu utan starfstíma skóla á sumrin þarf að skrá sérstaklega samkvæmt auglýsingu. Greitt er fyrir Frístund samkvæmt gjaldskrá Húnaþings vestra.

Eftir sumarfrí Frístundar og leikskóla eiga verðandi nemendur í 1. bekk skólans rétt á vistun.





Notkun reiðhjóla, hlaupahjóla, rafhlaupahjóla, hjólabretta og línuskaута

Skólinn ber ekki ábyrgð á hjólum og hlaupahjólum sem nemendur koma á í skólann. Öll mál sem tengjast skemmdum á reiðhjólum/hlaupahjólum verða foreldrar að gera upp sín í milli. Ekki er heimilt að geyma hjól/hlaupahjól inni í skólanum. Öll notkun á þessum tækjum er bönnuð á skólatíma. Óheimilt er að mæta á línuskautum, hjólabrettum og rúlluskóm í skólann.

Nemendur mega ekki koma á hjólum/hlaupahjólum í skólann nema með hjálm.



Umsjónarkennarar 2026-2027

1.-2. bekkur – Dagrún Sól Barkardóttir, Guðrún Helga Magnúsdóttir

3. – 4. bekkur – Margrét Hrönn Björnsdóttir, Borghildur Heiðrún Haraldsdóttir

5. – 7. bekkur – Ragnheiður Sveinsdóttir, Harpa Rakel Hallgrímsdóttir, Rakel Runólfssdóttir

8. – 10. bekkur – Sara Ólafsdóttir, Viktor Ingi Jónsson, Þorbjörg Valdimarsdóttir



Mötuneyti

Gert er ráð fyrir því að allir nemendur skólans fái morgunhressingu og hádegismat í skólanum án endurgjalds. Nemendur með ofnæmi þurfa að skila læknisvottorði til skólastjórnenda.

Greitt er fyrir síðdegishressingu í Frístund samkvæmt gjaldskrá Húnaþings vestra.